

**Ed.**

**927. Nefndarálit**

[466. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um skipulag ferðamála, nr. 79 2. júlí 1985.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur rætt málið og fengið á sinn fund Birgi Þorgilsson ferðamálastjóra, Kjartan Lárusson, forstjóra Ferðaskrifstofu ríkisins, Önnu Haraldsdóttur, trúnaðarmann starfsfólks Ferðaskrifstofu ríkisins, Guðríði Halldórsdóttur, eftirlitsmann með rekstri Edduhótela, Reyni Adolfsson frá Ferðamálasamtökum landshlutanna, Hákon Torfason, deildarstjóra í menntamálaráðuneyti, Hrein Loftsson, aðstoðarmann samgönguráðherra, og Ragnhildi Hjaltadóttur, deildarstjóra í samgönguráðuneyti.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt en leggur áherslu á eftirfarandi skilning á ákvæðum 1. gr. þess:

1. Nefndin lítur svo á að frumvarpið miði að því að eignarráð meiri hluta í hinu nýja hlutafélagi, Ferðaskrifstofu Íslands hf., flytjist til starfsmanna. Heimildarákvæði frumvarpsins verði því aðeins beitt að samkomulag náist við starfsmenn um kaup á hlutafénu.
2. Með orðalagi 3. mgr. 1. gr. frumvarpsins um „forkaupsrétt starfsmanna“ er að álitni nefndarinnar átt við alla starfsmenn, jafnt fastráðna sem lausráðna, svo sem sumar-ráðna starfsmenn Edduhótela.

Egill Jónsson var fjarstaddur við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 28. apríl 1988.

Stefán Guðmundsson,  
form., frsm.

Júlíus Sólnes,  
fundaskr.

Valgerður Sverrisdóttir.

Björn Gíslason.

Skúli Alexandersson.

Ey. Kon. Jónsson.